

tilliti til framkvæmdar laganna. Skylda til að greiða skatta-
 aukann tók því einnig til h. f. Völundur, og er þá um það
 að ræða hvort stefndir bera ábyrgð á skattaukanum, sem
 ekki varð innheimtur hjá hlutafélaginu sökum þess að
 þeir sem skiptaforstjórar, skilaneftarmenn, höfðu látið
 afmá félagið og skipta upp eignum þess. Það verður að
 fallast á það hjá stefnanda, að stefndir hafi mátt sjá það
 fyrir af ástæðum þeim, sem af framan eru greindar, að
 skattaaukalög mundu verða samþykkt á þinginu, sem þá sat
 og lauk störfum sínum fáum dögum eftir að stefndir höfðu
 lokið skiptunum, og að skattaaukinn yrði enganvegin
 minni, fremur meiri, en hann hafði verið árið áður, en
 þá var hann 25%. Þá virðist og að stefndir með því að
 ljúka skiptunum áður en frestur sá, sem um ræðir í 37.
 gr. skiptalaganna var á enda, hafi tekið persónulega ábyrgð
 á sig gagnvart þeim kröfuhafa, in casu stefnanda, sem ekki
 hafði tækifæri til að koma fram með leiðréttingu eða at-
 hugasemd við kröfu sína áður en skiptunum var lokið,
 en sem komið hefði orðið að, ef stefndir hefðu fylgt
 nefndu lagafyrirmæli, sem þeir að áliti réttarins voru
 skyldir til, þar sem ekki lá fyrir að stefnandi fyrir sitt
 leyti samþykkti að búskiptunum mætti ljúka áður en
 nefndur frestur væri liðinn.

Samkvæmt framansögðu þykir eiga að taka kröfu stefn-
 anda til greina, þó þannig, að vextir reiknast 5% og að
 málskostnaður ákveðst hæfilegur 300 krónur.

Mánudaginn 28. janúar 1935.

Nr. 115/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hermanni Jónassyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Sýknudómur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. maí 1934: Kærð-
 ur, Hermann Jónasson, greiði 400 kr. sekt, er skiptist
 þannig, að í bæjarsjóð Reykjavíkur renni 387.33 krónur
 og til uppljóstrarmannsins Oddgeirs Bárðarsonar 12.67

krónur og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá löglegri birtingu dóms þessa. Ríffill kærða sé upptækur og renni andvirði hans í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði í máli þessu er sakaður um brot á lögum nr. 58/1913, lögreglusamþykkt Reykjavíkur 7. jan. 1930 og hafnarreglugerð Reykjavíkur 12. maí 1917.

Kærði er í fyrsta lagi sakaður um að hafa hleypt skotum af byssu á Grandagarði og úti í Örfirisey 1. dez. 1930 og drepð þar æðarfugl. Með eiðfestum framburðum vitnanna Egils Jónassonar og Stefáns Ólafssonar, sem styðjast við skýrslu vitnanna Valdemars Þórðarsonar og Vígbergs Einarssonar, verður að visu að telja það sannað, að kærði hafi þenna dag skotið til marks í Örfirisey og skotið út á sjó og hæft æðarkollu, er litlu síðar rak dauða í land. Vitnisburður 4 lögregluþjóna, er sáu kærða koma í sportfötum á skrifstofu sína eða vera þar um kl. 2 e. h. dag þenna, brýtur ekki í bág við framburð vitnanna Egils og Stefáns, er aðeins **gizka** á, að kærði hafi farið úr eyinni um sama leyti, en gættu alls ekki á klukkuna, og það, að vitnin Valdemar, Vígberg og Egill segja allir, að kærði hafi verið í sportbuxum, er þeir sáu hann dag þenna, styður það, að kærði hafi einmitt verið að koma úr ferð sinni vestan úr Örfirisey, þegar lögregluþjónarnir urðu hans varir á skrifstofu hans umræddan dag. En kærði, sem að visu kannast við, að hann hafi stundum verið að skotæfingum í Örfirisey árið 1930, hefir eindregið neitað því, að hann hafi að sinni vitund nokkurn tíma skotið æðarfugl. Gegn þeirri neitun hans verð-

ur það ekki talið sannað, að hann hafi athugað það, að æðarfugl varð fyrir skoti úr byssu hans eða að hann hafi ætlað sér að skjóta æðarfugl. Hann verður því ekki talinn hafa drepíð æðarfugl af ásettu ráði.

Skotæfingar kærða, við umrætt tækifæri fóru ekki fram á stað, er á þeim tíma árs, sem um er að ræða, verði kallaður almannafæri eftir 1. gr. lögreglusamþykktarinnar, og ekki verður heldur talið, að hann sömu reglugerðar 70. gr. 2. málsg. geti átt hér við, þar sem kærði einungis skaut til marks í landi eða á sjó út. Loks þykir ákvæði 6. gr. hafnarreglugerðarinnar ekki heldur taka til áðurnefndra athafna kærða.

Verður því þegar af þeim ástæðum, er greindar voru, að sýkna kærða af kærnum valdstjórnarinnar út af athöfnum hans 1. dez. 1930.

Í öðru lagi er kærði sakaður um að hafa skotið æðarfugl í nóvembermánuði 1931. Annað þeirra vitna, er báru þetta á kærða, þekkti hann, en hitt ekki, en kvað sama manninn hafa skotið, er því var sýndur fyrir dómi, og var það kærði. En vitni þessi hafa ekki staðfest skýrslu sína fyrir rétti á löglegan hátt samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1911, og verður kærði því ekki talinn sannur að sök um þessa athöfn gegn eindreginni neitun sinni. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að fresta dómsuppsögn af þessari ástæðu og skylda héraðsdómarann til þess að láta vitnin staðfesta skýrslu sína löglega, með því að refsikrafa fyrir brotið, þótt sannað væri, mundi vera fyrnd samkvæmt analogíu 67. gr. almennra hegningarlaga.

Loks er kærði sakaður um að hafa hleypt af byssu í Örfirisey í októbermánuði 1933. Eftir því, sem þau vitni, er þar um hafa borið, ætla, hefði kærði átt að

hafa hleypt af byssunni vestan til á cynni, og þá væntanlega skotið þar til marks í landi eða út á sjó. Af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í sambandi við athafnir kærða 1. dez. 1930, hefir kærði ekki brotið nein fyrirmæli í lögum eða reglugerðum með þessu, þótt sannað væri, og verður þegar af þessari ástæðu einnig að sýkna hann af kæru fyrir þetta atriði.

Með því að ósannað er, að kærði hafi skotið æðar-fugl af ásettu ráði, verður að fella úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku riffils kærða.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Kærði hefir látið stefna héraðsdómaranum, Arn-ljóti Jónssyni cand. jur., til ábyrgðar fyrir máls-meðferð sína og dóm, og krafizt þess, að hann yrði sektaður eða víttur. Héraðsdómariinn hefir mætt við flutning málsins í hæstarétti, mótmælt þessum kröfum og krafizt þess, að honum yrði dæmdur máls-kostnaður úr ríkissjóði.

Héraðsdómaranum er gefið það að sök, að hann hafi bókað sumstaðar rangt eða ónákvæmt, að hann hafi dregið óviðkomandi atriði inn í málið og lengt prófin þar með að óþörfu, og að hann hafi synjað kærða um að skipa honum talsmann og neitað um-boðsmanni kærða um frest til að skrifa vörn í málinu.

Gegn neitun dómarans er það ekki sannað, að hann hafi bókað rangt í prófunum. Prófin eru óþarflega margbrotin og óaðgengileg víða og ýms atriði dregin inn í rannsóknina, sem engu máli

skipta um málefnið sjálf. Dómaranum var að vísu óskýlt að skipa kærða talsmann í máli þessu, á kostnað ríkissjóðs, en hann átti ekki að neita umboðsmanni kærða um frest til að skrifa vörn í málinu. En þótt dómarinn hefði átt að veita þann frest, þykir ekki ástæða til að ómerkja dóminn og vísa málinu heim, með því að kærða var veittur kostur á að fylgjast vel með rannsókn málsins og hann lagði fram skriflegar athugasemdir um aðalatriði þess. Og ekki þykja atriði þessi, sem að er fundið svo alvarleg, að sektum varði.

Málskostnaðarkrafa héraðsdómarans verður ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hermann Jónasson, á að vera sýkn af kærnum valdstjórnarinnar í máli þessu. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku ríffils kærða er úr gildi fellt. Allur sakarkostnaður í héraði, svo og allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 150 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útg. 22. þ. m., höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Hermann Jónassyni lögreglustjóra, til heimilis á Laufásvegi 79 í Reykjavík, fyrir brot á löggreglusamþykkt fyrir Reykjavík frá 1. febr. 1930 sbr. hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurborg frá 12. nóv.

1917, svo og brot á lögum nr. 58 frá 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. jan. s. l. kærði Oddgeir Bárðarson verkamaður, Njálsgötu 60 hér í bæ, lögreglustjórann í Reykjavík, Hermann Jónasson, fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur og lögum um friðun fugla. Var kærðum þar gefið það að sök, að hann hefði í síðastliðnum októbermánuði skotið af byssu úti í Örfirisey, að því er kærandi áleit á sjófugla, og ennfremur að kærður hefði gerzt sekur um að hafa á fullveldisdaginn 1930 skotið æðarkollu í nefndri eyju. Var um þetta síðara atriði vísað til blaðagreinar eftir Sigurð Jónsson rafvirkja, er þar kvað sér vera kunnugt um, að þetta hefði átt sér stað.

Við rannsókn málsins, er hófst 23. s. m., hefir það upplýsts, að fyrri part októbermánaðar fór kærður út í Örfirisey og skaut þar nokkrum skotum, úr riffli, að því er ætla má. Þykir þetta, þrátt fyrir neitun kærða, nægilega sannað af framburðum vitnanna Oddgeirs Bárðarsonar og Gústafs Karlssonar, er báðir hafa verið staðfestir. Hinsvegar hefir eigi framkomið neitt er bendi til að kærður hafi þá skotið fugl í eyjunni.

1. dezember 1930 fór kærður út Grandagarðinn út í Örfirisey og hafði riffil meðferðis. Skaut hann þar nokkrum skotum úr rifflinum. Miðaði hann þá og skaut á æðarfuglahóp þar við eyjuna og hitti og drap eina æðarkollu. Vitni að þessu voru þeir Valdimar Þórðarson, Vigberg Einarsson, Egill Jónasson og Stefán Ólafsson. Sá þeir Valdimar og Vigberg kærðan er hann stóð á öskuhaug vestur við sjóinn hjá Grandagarðinum og var að miða rifflinum út á sjóinn og var þar mikið af fugli, bæði máf, æðarfugli og fleiri fuglum. Vitnið Valdimar sá og að kærði miðaði byssunni á leiðinni út garðinn, en vitnið gat ekki um það borið, hvort kærður hleypti af, því brimgnýr var og vél bifreiðar þeirrar er vitnið sat í, var í gangi. Vitnið Egill, sem ásamt Stefáni, var úti í Örfirisey, bæði sá og heyrði að kærði skaut nokkrum skotum á leiðinni út garðinn og telur að kærður hafi skotið á máfa á flugi, en ekki hitt fuglana. Í eyjunni heyrðu og sáu þessi tvö vitni er kærður skaut þar. Voru þau sjónarvottur að því, er kærður skaut æðarkolluna. Kom kærður eftir það til þeirra og bauð

þeim að skjóta úr rifflinum, en þeir þágu ekki boðið. Eftir þetta gengu vitnin niður að sjónum og fundu æðarkolluna; þá fundu þau og pakka með rúmlega 30 Remington „22 long“ riffilskotum á þeim stað, er kærður hafði setið, er hann handlék riffilinn, eftir að hann skaut æðarkolluna. Hafa þessi vitni staðfest héraðlútandi framburði sína með eiði.

Kærður hefir játað, að hafa oftár en einu sinni um þetta leyti, eða árið 1930, verið að skjóta úti í Örfirisey en telur það hafa verið æfingar í að skjóta til marks, og hefir hann neitað því að hafa skotið þar æðarfugl, því „sér vitanlega hafi hann alls ekki gert það“. Hinsvegar hefir kærður ekki neitað því, að hann kunni að hafa hitt þá Stefán og Egil um þetta leyti úti í eyjunni og að þeir hafi séð sig skjóta þar. Kærður hefir upplýst að riffil þann, er hann þá notaði, hafi hann keypt fyrir allmörgum árum hjá Jóhanni Ólafssyni & Co. í Reykjavík. Sé það Browning riffill fyrir skot nr. 22 og eigi hann riffilinn ennþá og geymi hann heima hjá sér. Voru skothylkin mátuð í þennan riffil og lýsti kærður yfir því, að þau pössuðu í riffilinn. Þá hefir kærður og upplýst, að hann hafi keypt skot í riffilinn hjá Jóhanni Ólafssyni & Co., en það firma hefir einkaumboð fyrir skot af þeirri tegund, sem vitnin fundu. Ennfremur hefir kærður upplýst, að hann hafi ekki þá né síðar átt eða notað annan riffil, svo hann muni til.

Kærður hefir haldið því fram, að þetta atferli sitt, að skjóta í eyjunni sé verknaður, sem sér og lögreglunni í Reykjavík sé heimill og hefir í því sambandi bent á, að það sé „ein af nauðsynlegustu íþróttum lögreglunnar að kunna að fara með skotvopn“, því lögreglan þurfi „æði oft að taka skotvopn, jafnvel hlaðin skotvopn af mönnum, sem hún tekur fasta“ og ennfremur þurfi hún „iðulega að aflífa særð og veik dýr með skotvopnum“ og „ef þetta væri ekki heimilt þá væri lögreglan í Reykjavík eina lögreglan í veröldinni, sem ekki hefði leyfi til að æfa sig á þennan hátt í sínu lögsagnarumdæmi“. Jafnvel þótt þessi skoðun kærðs hefði við rök að styðjast, þá lítur rétturinn svo á, að kærður hafi í umrætt skipti ekki verið við skotæfingu sem lögreglumaður eða lögreglustjóri í embætti sínu, heldur hafi hann verið að skjóta sér til skemmtunar.

Rannsókn málsins leiddi ennfremur í ljós, að kærður

kom dag einn, síðast í nóvember eða fyrst í desember 1931, út í Örfirisey og hitti þar Þórð Guðlaugsson og Daða Þorkellsson, og átti tal við þá. Skaut kærður þá til marks úr ríffli og var markið steinn í fjörunni. Gengu þeir síðan með kærðum til að svipast eftir fulgli og skaut þá kærður og drap æðarkollu þar við eyjuna. Hefir kærður þrætt fyrir þennan verknað, sem þó þykir nægilega upplýstur og sannaður af staðfestum framburðum þessara vitna. Viðvikjandi staðfestingu þessara vitna, Þórðar og Daða, sem bæði eru í kristnu trúarfélagi, Aðventistakirkjusöfnuði, skal það tekið fram, að vegna trúarskoðunar þeirra staðfestu þeir framburð sinn með drengskaparorði, en eigi með eiði. Telur rétturinn nað staðfesting þeirra sé fullkomlega gild með þessu móti.

Rétturinn telur því, að í málinu sé framkomin full lögsonnun fyrir því, að kærður hafi bæði 1. desember 1930 og seint á árinu 1931 skotið æðarfugl í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Hefir hann með þessu brotið 1. grein nefndra laga um friðun æðarfugla nr. 58 frá 10. nóv. 1913. Þá hefir kærður og í sömu tvö skipti, sem og í október síðastliðnum brotið lögreglusamþykkt Reykjavíkur 6. gr., sbr. 70. gr., sbr. og hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurkaupstað 6. gr.

Kærður hefir nú haldið því fram, að þótt hann hefði orðið sekur við lögin um friðun æðarfugla með því að skjóta æðarfugl 1930 og 1931, þá væru þær sakir fyrndar samkvæmt analogiu 67. gr. hegningarlaganna. Á þetta verður þó ekki fallið. Rétturinn lítur svo á, að fyrningarreglur 67. gr. hegnl. eða analogiu hennar verði aðeins beitt, þegar um er að ræða brot á hinum alm. hegningarlögum eða lögum þótt yngri séu, sem í eðli sínu séu svo skyld hinum almennu hegnl. að telja meg, að þau hefðu verið tekin upp í hin alm. hegnl. ef lögfest hefðu verið þá eða áður. Hinsvegar telur rétturinn allt aðrar ástæður og allt önnur sjónarmið koma til greina þar sem um er að ræða brot á lögreglusamþykktum, friðunarlögum eða annari þessháttar löggjöf. Verður kærður því ekki sýknaður af þessari ástæðu.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að sakfella kærðan og þykir refsing hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður sætt kærur eða refs-

ingu fyrir neitt lagabrot hæfilega ákveðin 400 krónur, er skiptist þannig, að í bæjarsjóð Reykjavíkur renni 387.33 krónur og til uppljóstrarmannsins Oddgeirs Bárðarsonar 12.67 krónur, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá löglegri birtingu dóms þessa. Þá skal og riffill kærða upptækur vera og renni andvirði hans í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn ólöglegur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 30. janúar 1935.

Nr. 26/1934. **Jón Bjarni Pétursson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Jóni Þorlákssyni borgarstjóra f. h.
bæjarsjóðs Reykjavíkur**

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur fyrir tjón af rennsli úr skolpræsi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. dez. 1933: Stefndur, borgarstjóri Reykjavíkur, f. h. bæjarstjórnar vegna bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Bjarna Péturssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2707.50 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en til vara kr. 2147.00 með vöxtum sem áður segir. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti er því ekki mótmælt, að áfrýjandi hafi beðið tjón það, er hann krefst nú bætt, né held-